

Akureyri, 14. janúar 2024

**Efni: Umsögn Heilbrigðis, viðskipta og raunvísindasviðs Háskólans á Akureyri um Tillögu til þingsályktunar um aðgerðaáætlun til að efla Sjúkrahúsið á Akureyri. 83. mál**

Heilbrigðis, viðskipta og raunvísindasvið (HVR) Háskólans á Akureyri (HA) fagnar eindregið þessu frumvarpi. Styrking Sjúkrahúss Akureyrar (SAK) sem mennta- og rannsóknarstofnunar er mikilvæg og áriðandi og mun hafa jákvæð áhrif á líf íbúa á upptökusvæðinu og víðar. Enn betra aðgengi nemenda og efling samvinnu á sviði vísinda milli HA og SAK er þar mikilvægur þáttur.

Nú þegar er mikið samstarf milli HA og SAK í kennslu, þjálfun og rannsóknum. Fjöldi nemenda HA í m.a. hjúkrunarfræði og iðjuþjálfun fá þjálfun á SAK, starfmenn SAK kenna sem stundakennarar við HA og starfsmenn HA vinna klínísk störf við SAK. HA veitir akademískar nafnbætur til starfsmanna SAK og sameiginleg stofnun, Heilbrigðisvísindastofnun Háskólans á Akureyri (HHA) er sameiginlegur vettvangur starfsmanna SAK og HA til eflingar rannsókna í heilbrigðisvísindum. Innan HHA er vettvangur fyrir starfsmenn sem eru í föstu starfi hjá SAK en fá hluta af tíma sínum skilgreindan til rannsóknarvinnu á vegum HHA.

Á þessu ári er stefnt að breytingum og eflingu HHA í tengslum við að komið er að endurnýjun þeirra fimm hlutastöðugilda sem skilgreindar eru hjá HHA meðal annars með því að skilgreina stöður og starfsmenn sem sameiginlegar stöður eins og tíðkast á háskólasjúkrahúsum.

**Að virtu ofangreindu vill HVR gera eftirfarandi athugasemd við texta frumvarpsins.**


Þar segir

..... 1. *Samstarf við Landspítala og tengdar menntastofnanir verði aukið með það að markmiði að veita Sjúkrahúsinu á Akureyri viðurkenningu á verkefnum tengdum háskólasjúkrahúsi. ...*

Mun betur færi á að í texta frumvarpsins væri Háskólans á Akureyri einnig getið beint enda er fjölbreytt samstarf HA og SAK þegar til staðar og sóknafæri mikil. Að okkar mati færi betur á orðalagi eins og neðan greinir.

..... 1. *Samstarf við Landspítala, ~~og~~ tengdar menntastofnanir og Háskólann á Akureyri verði aukið með það að markmiði að veita Sjúkrahúsinu á Akureyri viðurkenningu á verkefnum tengdum háskólasjúkrahúsi. ...*

Virðingarfyllt,



Brynjar Karsson,  
Forseti Heilbrigðisvísinda-,  
viðskipta og raunvísindasviðs

Frá: Sjúkrahúsinu á Akureyri

Dags: 11. janúar 2024

Nr. Þingmáls: 83. mál

Heiti þingmáls: Umsögn frá framkvæmdastjórn Sjúkrahússins á Akureyri um tillögu til þingsályktunar um aðgerðaáætlun til að efla Sjúkrahúsið á Akureyri

Framkvæmdastjórn SAK þakkar flutningsmönnum tillögu til þingsályktunar varðandi aðgerðaáætlun til að efla Sjúkrahúsið á Akureyri en sjúkrahúsið er mikilvægur hlekkur í allri heilbrigðiskeðjunni og gegnir mikilvægu hlutverki í veitingu heilbrigðisþjónustu, sem kennslusjúkrahús og sem varasjúkrahús Landspítala. Ályktunin felur í sér að a) efla SAK m.t.t. vísinda og mennta og b) stuðlað verði að bættri heilbrigðisþjónustu á upptökusvæði sjúkrahússins ásamt því að laða að sérhæft heilbrigðisstarfsfólk.

SAK er og hefur verið mjög öflugt hvað kennslu og þjálfun nema í heilbrigðisvísindum varðar og mikilvægt að svo verði áfram því að ný kynslóð heilbrigðisstétta verður til á hverjum tíma og nauðsynlegt að SAK fái tækifæri til þess að vera með í þeim uppveiti. Löðun heilbrigðisstarfsfólks er stöðug áskorun og vinna þarf markvisst að því að vera með nóg af vel menntuðu og hæfu heilbrigðisstarfsfólki svo að SAK geti staðið undir því markmiði að efla sig m.t.t. vísinda og mennta. Þessir þættir verða því að vinna saman.

Vísindarannsóknir hafa þýðingarmikið hlutverk í þróun heilbrigðisþjónustu. Öflugt vísindastarf eflir gæði heilbrigðisþjónustu, styrkir þátt heilbrigðisstofnana í menntun nema, eflir mannauðinn og skapar eftirsóknarvert starfsumhverfi fyrir framsækið heilbrigðisstarfsfólk. Eitt af lykilmarkmiðum SAK í framtíðarsýn og stefnu sjúkrahússins er að verða háskólasjúkrahús. Árið 2019 skipaði þáverandi framkvæmdastjóri bráða- og þróunarsviðs starfshóp sem hafði það markmið að skoða málið út frá öllum sjónarhornum og meta fýsileika þess að fá samþykki sem háskólasjúkrahús. Niðurstaða þeirrar vinnu var sú að SAK hefði allt að bera til þess að geta kallað sig háskólasjúkrahús og því voru það mikil vonbrigði að skilgreining SAK yrði óbreytt í uppfærðum lögum árið 2020. Þessi löggjöf heftir aðeins okkar áform en við stefnum áfram að því markmiði að sjúkrahúsið verði skilgreint sem háskólasjúkrahús og teljum við það stóran lið í því að skapa eftirsóknarvert starfsumhverfi.

Ákveðinn hluti sérnáms heilbrigðisstétta er rannsóknavinna og er mikilvægt að geta boðið upp á starfsumhverfi sem er hvetjandi til rannsókn- og vísindastarfa fyrir hlutaðeigandi. Við teljum það nauðsynlegt að klínísk meðferð og umönnun sjúklinga, kennsla og rannsóknir séu samþætt í daglegum störfum sjúkrahússins sem lið í hvetjandi starfsumhverfi. Til þess að svo megi verða þarf að fjölga í starfslíði SAK með skilgreindum stöðum til rannsókn- og vísindavinnu. Þegar við höfum náð lengra á þeim vettvangi þá vaxa tækifærin til þátttöku í innlendum og alþjóðlegum rannsóknaverkefnum sem á sinn hátt stuðla að aukinni framsækni í heimi vísinda. Við þurfum að halda ótrauð áfram til þess að ná því markmiði að búa til svigrúm til rannsókna, byggja upp öflugt rannsóknsumhverfi,

rannsóknarinnviði og rannsóknasamstarf svo við náum að verða viðurkennd sem háskólasjúkrahús fyrir lok árs 2027.

Með hliðsjón af hlutverki SAK skv. lögum þ.e. „að SAK skuli veita annars stigs heilbrigðisþjónustu og þriðja stigs heilbrigðisþjónustu, m.a. á göngu- og dagdeildum .... Hlutverk SAK er m.a. að vera kennslusjúkrahús, varasjúkrahús Landspítala, annast kennslu nema í grunn- og framhaldsnámi, taka þátt í að veita háskólamenntuðum starfsmönnum sérmenntun í heilbrigðisgreinum í samstarfi við menntastofnanir og aðrar heilbrigðisstofnanir og gera fagfólki kleift að sinna fræðastörfum við háskóla auk þess að stunda og veita aðstöðu til vísindarannsókna“ þá þarf að vera til staðar góður aðbúnaður starfsfólks, nútíma starfsumhverfi (nýjar legudeildir), næg starfstækifæri, góður tækjakostur sem og svigrúm til þjálfunar og vísinda fyrir starfsfólk og nemendur í heilbrigðisvísindum. Horfa þarf í hlutverk SAK samhliða eflingu á starfsemi en þörf er á forgangsröðun þjónustu m.t.t. hvaða þjónusta skuli veitt utan höfuðborgarinnar. Einnig þarf að horfa til þess að aðgengi að sérfræðingum er ekki ákjósanlegt eins og staðan er í dag þar sem erfiðlega hefur gengið að ráða sérfræðinga til starfa og má eflaust horfa til þeirrar ástæðu að margir sérfræðingar kjósa að búa á höfuðborgarsvæðinu og vinna á stærra háskólasjúkrahúsi. SAK sem varasjúkrahús Landspítala er metnaðarfullt markmið og eitthvað sem SAK vill geta staðið undir en greina þarf betur við hvað er átt svo efla megi starfsemina í takt við kröfur um slíkt hlutverk.

Framkvæmdastjórn er sammála um að þessi tillaga til þingsályktunar um aðgerðaáætlun til að efla Sjúkrahúsið á Akureyri sé löngu tímabær og mikilvægur liður í því að skerpa á hlutverki og forgangsröðun. Það er hinsvegar ljóst að svo halda megi úti öflugum sjúkrahúsi utan höfuðborgarsvæðisins þá þarf að hlúa að mannauðnum og styrkja starfsumhverfi m.t.t. menntunar og vísinda sem lið í því að laða að sérhæft starfsfólk. Það eitt og sér er líka samfélagslega ábyrgt m.t.t. eflingar heilbrigðisþjónustu og fjölgunar sérhæfðra starfa utan höfuðborgarsvæðisins.

Virðingarfyllst og f.h. framkvæmdastjórnar,

Hildigunnur Svavarsdóttir,  
forstjóri